



Fundur vegna Landsmóts 2016

Haldin í húsakynnum Háskólans á Hólum 28. Nóvember 2014

Fundinn sátu: fulltrúar L.H., formenn hestamannafélaga í Skagafirði, sveitastjórnarfolk og sveitarstjóri í Skagafirði ásamt stjórnarmönnum Gullhyls.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

Fundarskýrsla.

Jóna Dís Bragadóttir, Lárus Ástmar Hannesson og Eyþór Jón Gíslason héldu af stað norður í Skagafjörð um klukkan 9:00 um morguninn til fundar við forsvarsmenn Gullhyls ehf., sveitarstjórnarfólki og formönnum hestamannafélaga í Skagafirði. Fundarefnið var staða Landsmóts 2016.

Fulltrúar stjórnar L.H. óku sem leið lá í Varmahlíð þar sem hafði verið ákveðið að koma saman. Fengu menn og konur sér hressingu þar á meðan beðið var eftir öðrum fundarmönnum. Þegar allir fundarmenn höfðu mætt á svæðið var farið að Vindheimamelum og svæðið skoðað. Það er vel sjáanlegt að þarna hafa mörg handtök verið unnin af hálfu félagsmanna. Malbikað plan sem er ætlað undir sölutjöld, samkomuhús, finir vellir, nokkrar stúur fyrir hesta í hesthúsum, rafmagn er komið á tjaldstæði og margt fleira gott. Eftir ítarlega skoðun ásamt útskýringum á svæðinu var haldið að Hólum í Hjaltadal. Þar tók Sveinn Ragnarsson deildarstjóri á móti okkur. Byrjað var á því að fara lauslega yfir svæðið og það skoðað með því hugafari að þarna væri haldið Landsmót. Á Hólum er glæsileg aðstaða flottar reiðhallir og hesthúspláss fyrir um 300 hesta ásamt gistirými fyrir 200 manns. Helstu verkefni sem þarf að huga að eru kynbótabraut, áhorfendabrekka og rafmagn á tjaldsvæði. Þegar Sveinn hafði lokið kynningu á svæðinu var haldið í húsnæði Hólaskóla þar sem fundarmenn þáðu kaffiveitingar og var skemmtilegt kaffispjall með fundarmönnum ásamt því að Sveinn sýndi loftmynd af svæðinu. Því næst var haldið til fundar og hóf formaður L.H. fundinn með yfirferð á stöðu mála er varðar Landsmót 2016. Það kom fram í máli hans að stjórn L.H. leggur mikla áherslu á að það náist sem mest sátt með landsmótsstað og mikilvægt væri að vel tækist til. Eftir nokkrar umræður var gert fundarhlé og funduðu fulltrúar stjórnar L.H. Var það gert til að meta stöðuna og ákveða næstu skref áður en fundi yrði slitið. Eftir fundarhlé fékk formaður aftur orðið og gerði hann fundarmönnum grein fyrir því að þeim fulltrúum stjórnar sem komu á þennan fund litist mun betur á svæði Hóla í Hjaltadal sem landsmótsstað en Vindheimamela. Það var tekið skýrt fram að hér væru aðeins 3 fulltrúar stjórnar og því endurspeglaði þeirra álit ekki álit stjórnar í heild. Nokkrar umræður og vangaveltur urðu en eftir það var fundi slitið.

Fleira var ekki fært til bókar voru fundarmenn komnir aftur til baka í Borgarnes um kl. 20:00.